



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. maí 2006
Tilvísun: UST20060500035/bs

Hringvegur 1. Ármótasel - Skjöldólfsstaðir 2, Fljótsdalshéraði. Matsskylda.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 10. maí 2006 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.

Hér er um að ræða 8 km nýbyggingu Hringvegar 1 milli Ármótasels og Skjöldólfsstaða. Norðan Gilsár er fyrirhugað vegstæði á óröskuðu landi sem nýtt hefur verið sem beitarnland. Efnisþörf er talin um 390.000 m³ og er talið að um 340.000 m³ komi úr skeringum og um 50.000 m³ samtals úr þremur námum sem nýttar hafa verið áður af Vegagerðinni.

Fyrirhuguð framkvæmd er hvorki á friðlýstu svæði né innan svæðis á náttúruuminjaskrá.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd:

Efnistaka: Við frágang náma hefði átt að taka mið af framtíðar efnisþörf á því svæði sem hér er um ræðir, þ.e. hvort unnt væri að loka og ganga endanlega frá einhverjum þeirra náma sem nýttar verða. Væntanlega verður ekki mikil þörf fyrir fyllingaefnisnámur á því svæði sem hér er um ræðir að þessari framkvæmd lokinni.

Að mati Umhverfisstofnunar á að leitast við að fella efnistökusvæði eins vel að landi og kostur er. Í því skyni ætti að láta halla lands umhverfis námurnar ákvarða fláa frágenginna námusvæða.

Sjónræn áhrif: Milli stöðva 4500-8000 verða umtalsverðar skeringar og fyllingar. Á þessum stað gæti vegurinn skorið sig verulega úr landi ef ekki tekst vel til um aðlögun skeringa að óröskuðu landi, halla þeirra og útliti þess gróðurs sem fyrirhugað er að rækta upp á vegsvæðinu. Ekki er í kynningarskýrslu fjallað um sjónræn áhrif framkvæmdarinnar.

Skeringar og uppræðsla: Gera hefði átt grein fyrir frágangi skeringa og aðlögun skeringa og fyllinga að landi þar sem um stórt og áberandi vegsvæði er að ræða. Gera hefði átt grein fyrir uppræðslu skeringa og fyllinga og hvort unnt væri að nýta grenndargróður til frágangs. Gera hefði átt grein fyrir hvernig uppræðsla vegsvæða með hefðbundinni sáningu falli að grenndargróðri norðan Gilsár.


Votlendi: Starfsmenn Umhverfisstofnunar telja vegna staðþekkingar að mýrar sem raskað verður nái ekki þremur hekturum að stærð og falli því ekki undir jarðmyndanir og vistkerfi


sem njóta skulu sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.
Í kynningarskýrslu hefði átt að gera grein fyrir stærð þess votlendis sem raskað verður og hversu stórt svæði verði endurheimt, en Vegagerðin mun endurheimta jafn stórt svæði og raskast við framkvæmdina.

Núverandi vegur: Ekki er fyrirhugað að fjarlægja núverandi veg. Umhverfisstofnun telur að jafna ætti út núverandi veg frá vegamótum Jökuldalsvegar að Ármótaseli, því ekki er sýnilegur tilgangur með varaleið á þessum stað.

Niðurstaða:

Þrátt fyrir takmarkaðar upplýsingar í kynningarskýrslu telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Stofnunin vill hins vegar benda á að skýrsla Vegagerðarinnar um ofangreinda framkvæmd hefði átt að vera miklu mun ítarlegri og er skýrslan í raun á mörkum þess að unnt sé að byggja á henni umsögn án þess að kalla þurfi eftir frekari upplýsingum.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson


Helgi Jónsson
Forstöðumaður